



Vörumerkjahandbók



ÍAV – Ímynd félagsins

Þessar reglur um merki ÍAV eru til að tryggja að samræmi sé í notkun þess. Merkið er mikilvægur hluti af ímynd félagsins eins og það birtist viðskiptavinum, starfsmönnum og almenningi.



Merki ÍAV er til í tveimur gerðum, þ.e. með og án heitis.



Reglurnar sem að hér fylgja eru leiðbeinandi en ekki tæmandi. Í vafaatriðum ber að hafa samband við skrifstofu ÍAV.

ÍAV – Litir merkis

Þar sem því verður við komið skal nota merkið í lit. Hér að neðan má sjá númerin á litum félagsins.



Hvítur grunnur merkisins er mjög mikilvægur merkinu, þar sem að Í-ið í heiti félagsins leynist þar, bakgrunnur merkisins skal því ætíð vera hvítur. Ef að bakgrunnur er ekki hvítur skal merkið sitja í tígullaga hvítum fleti.

ÍAV – Litir merkis

Ef aðeins er um svart-hvíta útgáfu að ræða skal notast við tvítóna merkið hér að neðan.



Þegar merkið er notað ofan á dökkan flatan grunn má hafa það hvítt.



ÍAV – Leturgerð

Orð hafa ekki einungis merkingu, þau miðla einnig með útliti sínu. Leturgerð fyrirtækisins er Neue Haas Grotesk, öflug og sterk leturgerð sem að þjónar fyrirtæki í byggingariðnaði og mannvirkjagerð mjög vel.

Ætlast er til þess að í öllu prentuðu efni á vegum fyrirtækisins sé heimilisfang í þessari leturgerð, þannig vinnur það saman með merki fyrirtækisins að skapa sterka ímynd.

Neue Haas Grotesk

ABCDEFGHIJKLMNOPQRSTUVWXYZ

abcdefghijklmnopqrstuvwxyz

!¿?.,;:---()[]{}/|\&@*“”‘.„,«»<> §•¶†‡©®™

ÍAV – Leiðbeiningar um notkun merkis

Merki ÍAV má aðeins vera án tígullaga ramma ef að það situr á alhvítum grunni. Hvítur grunnur merkisins er mjög mikilvægur, þar sem að Í-ið í heiti félagsins leynist þar, bakgrunnur merkisins skal því ætíð vera hvítur. Ef að bakgrunnur er ekki hvítur skal merkið sitja í tígullaga hvítum fleti.

Óleyfilegt er að setja filtera, effekta eða útlínur í kringum merkið.



ÍAV – Leiðbeiningar um notkun merkis

Óleyfilegt er að slíta sundur merki og heiti og staðsetja merki til hliðar eða ofan við heiti.



Óleyfilegt er að breyta stærðarhlutföllum merkis og heitis.



ÍAV – Leiðbeiningar um notkun merkis

Þar sem að merkið er notað ofan á ljósmynd eða bakgrunn þar sem að heiti fyrirtækisins nýtur sín ekki til fulls í litnum er leyfilegt og í raun ætlast til þess að bláu leturgerðinni sé skipt út fyrir hvíta.



Í vafaatriðum um uppsetningu merkisins ber að hafa samband við skrifstofu ÍAV.